

FUNDARGERÐ

126. stjórnarfundur KRAFT

126. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
15. apríl 2021 kl. 20.15

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Hinrik, Þórunn Brynja, Aron Ingi, Lára og Laufey.
Fjarverandi : Rúnar.
Fundarritari : Laufey.

1. ÍSÍ ÍPRÓTTAÞING 2021

Íþróttathing ÍSÍ verður haldið 7.-8. maí nk. Þingið verður rafrænt. 2-3 kjörbréf verða send KRAFT. Gry mun senda gögn á Hinrik og Lára.

2. HAGSMUNANEFND FYRIR ÍPRÓTTAMENN

Verið er að stofna hagsmunanefnd fyrir íþróttamenn þar sem eiga sæti afreksíþróttafólk með reynslu af alþjóðamótum. Í 5 manna nefndinni verða 2-3 íþróttamenn frá einstaklingsíþróttum og 2-3 frá hópíþróttum. 29. apríl n.k. verður fundur þar sem hvert sérsamband mun vera með 2-3 kjörbréf. Óskað hefur verið eftir framboðum frá sérsamböndum. Stjórn samþykkti að Gry heyri í Örnú og Birgit hvort þær gætu hugsað sér að fara í framboð. Stjórn var sammála um að það yrði íþróttinni til framdráttar að eiga fulltrúa í nefndinni og þ.m. auka sýnileika KRAFT innan íþróttahreyfingarinnar.

3. SÓTTVARNARREGLUGERÐ

Ný sóttvarnarreglugerð hefur verið samþykkt af ÍSÍ / sóttvarnarlækni. Einhver tæknilegt vandamál eru að koma henni inn á heimasíðuna. Hinrik sem er nýr vefstjóri heimasíðunnar ætlar að kanna málið.

4. ÍM Í KRAFTLYFTINGUM OG KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

ÍM sem átti að vera í lok mars þurfti að fresta. Nokkrum kostum á nýjum dagsetningum var fleygt fram, mikil og góð umræða varð um kosti og ókosti hinna og þessa dagsetninga. Eftir að hafa skoðað nýjar dagsetningar frá ýmsum hliðum var ákveðið að fresta réttstöðulyftumótinu sem átti að vera 5. júní og halda ÍM þess í stað þessa helgi þ.e. 5. og 6. júní, sama upplegg og var gert ráð fyrir í mars. Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar ætlaði að halda ÍM í mars og Lyftingafélag Kópavogs hafði boðist til að halda réttstöðulyftumótið. Gry kannar stöðuna með mótsstaði og ræðir við mótahaldara.

Þegar hefur Bikarmóti í bekkpressu og klassískri bekkpressu verið frestað sem halda átti í apríl. Gry heyrir í Aroni hjá Stjórninni hvort þeir eru til í að halda ÍM í bekkpressu og klassískri í stað bikarmóts í ágúst.

5. NM UNLINGA 2021

NM unglunga verður haldið í Finnland í október. Enn er óvissa hvort allar Norðurlandapjóðirnar munu senda þáttakendur en Ísland er þegar með góðan hóp sem stefnir þangað. Þáttaka þjóða mun skýrast á næstu vikum.

6. FRAMTÍÐARSKIPULAG RIG OG AFREKSSTEFNA

- Skoða þarf á næstunni framtíðarskipulag RIG. Þegar er spurt um keppendur á næsta móti.
- Endurskoðun þarf að fara fram á afreksstefnu. Gry mun boða til vinnufundar.

7. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Í fyrra var haldið þjálfaranámskeið sem náðist ekki að klára vegna Covid. Það þarf að koma þessu aftur af stað fyrir þá sem ekki náðu að klára og einnig að fá nýja þáttakendur. Það kom upp hugmynd hvort rétt væri að heyra í Keili - íþróttakademíu. Gry og Hinrik ætla að kanna málið, koma með tillögu og kynna fyrir stjórn.

8. DÓMARANÁMSKEIÐ

Það hefur því miður setið á hakanum síðasta árið. Hingað til hefur dómarnámskeið tengst byrjendamóti en skoða þarf hvort aðrar útfærslur séu betri til að auðvelda ferlið. Laufey heyrir í dómarnefnd.

9. ÖNNUR MÁL

- Aron Ingi færir inn tölur af ársreikningi inn í FELIX kerfið svo hægt verði að skila inn til ÍSÍ.
- Verið er að leggja nýtt parket á skrifstofuna.
- Skrifstofunni barst spurningalisti þar sem spurt er um stjórnarhætti innan sérsambanda ÍSÍ. Lára svarar.

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.40